



Fjölmennningarstefna Vestmannaeyja



Fjölmenningarstefna Vestmannaeyja

Vestmannaeyjar er fjölmenningarlegt sveitarfélag sem fagnar öllum þeim tækifærum sem því fylgir. Lögð er áhersla á inngildingu (e. Inclusion) sem felur í sér að viðurkenna og virða fjölbreytileikann og gera alltaf ráð fyrir honum. Starfsemi Vestmannaeyjabæjar í málefnum fólks af erlendum uppruna skal taka mið af eftirfarandi:

- *Virk þátttaka og gagnkvæm virðing*
- *Aðgengi að þjónustu*
- *Samfélag án fordóma*
- *Skólastarf*
- *Hvatning til íslenskunáms*
- *Nýting þekkingar og menntunar fólks af erlendum uppruna*
- *Miðlun upplýsinga*





Virk þátttaka og gagnkvæm virðing

Vestmannaeyjabær skal hafa það að leiðarljósi að íbúar sveitarfélagsins af erlendum uppruna verði virkir og sjálfbjarga þátttakendur í samfélaginu. Fáir notið fjölbreytts mannlífs og menningar þar sem þekking, víðsýni, jafnrétti og gagnkvæm virðing einkenna samskipti fólks af ólíkum uppruna.

Aðgengi að þjónustu

Vestmannaeyjabær tekur tillit til fólks af erlendum uppruna og leggur áherslu á að íbúar Vestmannaeyja geti sótt grunnupplýsingar á íslensku, ensku og pólsku á vef bæjarins. Þá skal huga að túlkapjónustu og þýðingu eyðublaða yfir á önnur tungumál sem lið í þjónustu við íbúa bæjarins. Á heimasíðu bæjarins verða aðgengilegar mikilvægar upplýsingar fyrir nýja íbúa til þess að einfalda þeim aðlögun að nýju samfélagi og efla þá í vegferð sinni að verða sjálfbjarga þátttakendur í samfélaginu.



Samfélag án fordóma

Vestmannaeyjabær leggur áherslu á fyrirbyggjandi fræðslu um fordóma og fjölmennningarlega kennslu innan stofnanna, til þess að búa hér til samfélag án fordóma. Vinna skal markvisst gegn fordómum í samfélaginu og meðal íbúa með aðferðum sem stuðla að gagnkvæmri aðlögun.



Gagnkvæm aðlögun = Þar er átt við að útlendingum sem hingað koma verði gert og auðveldað að semja sig að siðum og venjum Íslendinga og þeim tryggður aðgangur að tungumálanámskeiðum og fræðslu um helstu þætti samfélagsins, þ.m.t. menningu þess. Um leið er það viðurkennt að innflytjendur rækti siði og venjur sinnar menningar og rækti tengsl við heimaland sitt og sitt fólk hérlandis og erlendis. Í aðlöguninni felst þá að innfæddir virði þessa þörf og þennan vilja hins aðflutta og sé auðveldað að kynna sér menningu hins aðflutta fólks. Sé þess gætt að innflytjendur einangrist ekki í hverfum, sé þess gætt að þeir fái íslenskukennslu og fræðslu um sögu og menningu þjóðar og sé þess gætt að ekki þróist hér misrétti milli fólks af mismunandi uppruna telur nefndin líkur aukast á að aðlögun heppnist þannig að íslenskt samfélag og íslensk menning auðgisti af áhrifum þeirra menningarheima sem endurspeglast í innflytjendum og verði fjölbreyttara og gróskumeira.



Skólastarf

Í leik- og grunnskólum Vestmannaeyja er stuðst við móttökuáætlanir þegar nemendur af erlendum uppruna hefja sína skólagöngu. Í allri ÍSAT kennslu skal leggja áherslu á kennsluhætti sem henta börnum af erlendum uppruna og koma til móts við þarfir þeirra. Mikilvægur þáttur í skólastarfi er að ganga út frá því að kennsla um menningu og uppruna nemenda sé á jafnréttisgrunni með það að markmiði að auka skilning allra nemenda á mismunandi aðstæðum þeirra og í kjölfarið draga úr fordómum. Samskipti heimila og skóla skulu vera með þeim hætti að fólk af erlendum uppruna öðlist skilning á íslensku skólastarfi og námi barna sinna. Kynning á skólastarfi og forsendum þess skal fara fram í upphafi náms. Móttökuáætlanir skulu vera aðgengilegar og uppfærðar eftir þörfum. Ekki er gerður greinarmunur á leik- og grunnskóla í þessu samhengi.

Hvatning til íslenskunáms

Vestmannaeyjabær hvetur alla íbúa af erlendum uppruna til að læra íslensku til notkunar í daglegu lífi. Vinnuálag, aðstöðuleysi, fátækt, einangrun eða skortur á hæfilegum námsleiðum á ekki að koma í veg fyrir að hægt sé að nýta þessi tækifæri.

Lagt verður upp með að hafa samstarf við menntastofnanir um skipulögð námskeið á kostnað viðkomandi. Starfsstöðvar Vestmannaeyjabæjar leggja metnað í að vera fyrirmynd fyrir aðra atvinnurekendur í að hvetja starfsmenn af erlendum uppruna að læra íslensku.





Nýting þekkingar og menntunar fólks af erlendum uppruna

Ganga skal út frá þeim forsendum að íbúar af erlendum uppruna séu bæði neytendur og veitendur í samfélaginu. Leitast skal eftir því að þeir fái tækifæri til að miðla til samfélagsins af reynslu sinni og menntun, þar sem því verður við komið.

Miðlun upplýsinga

Íbúar af erlendum uppruna skulu fá tækifæri til að njóta þess sem samfélagið hefur upp á að bjóða. Með nýrri heimasíðu skapast sóknarfæri um að stórbæta upplýsingagjöf og aðgengi íbúa að fréttum og viðburðum bæjarins.





Starfsemi Vestmannaeyjabæjar skal taka mið af fjölmeningarstefnunni og er forstöðumönnum stofnanna gert að kynna hana. Fjölmeningarfulltrúi veitir ráðgjöf sé þess óskað og mun fylgjast með að unnið sé eftir stefnunni.